

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. nóvember 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-72/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 17. september sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á stígvéllum hjá versluninni Y. Álitsbeiðandi segir stígvélin vera gölluð og vill rifta kaupunum og fá kaupverðið endurgreitt.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 18. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 29. september. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 2. nóvember sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt stígvélin á kr. 5.900 sem hafi verið tilboðsverð. Hún hafi notað stígvélin í fjóra og hálfu klukkustund og hafi þau eftir þá notkun litað bæði sokka og fætur. Hún hafi haft samband við seljanda sem hafi sent stígvélin til skóvinnustofu Z til að skoða hvort þau væru gölluð og þá hvort væri hægt að laga gallann. Þar hafi einhverju efni verið sprautað á stígvélin og hefðu þau eftir það átt að vera í lagi. Álitsbeiðandi kveðst vera með ofnæmi og langi ekki til að fara aftur í stígvélin heldur að fá þau endurgreidd.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi:

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
- henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess.

Í 16. gr. sömu laga segir að söluhlutur teljist vera gallaður sé hann ekki í samræmi við þær kröfur sem komi fram í 15. gr. laganna.

Seljandi hefur ekki nýtt sér rétt til andsvara í þessu máli. Af því leiðir að kærunefndin verður, að því er atvik málsins varðar, að byggja á lýsingu álitsbeiðanda einnar.

Kærunefndin hefur skoðað stígvélin sem um er deilt. Þau eru svört að lit og með dökku fódri. Stígvélunum fylgdu sokkar sem álitsbeiðandi kveðst hafa verið í þegar hún notaði stígvélin. Þeir hafa greinilega tekið í sig lit og þegar stígvélin eru nudduð rækilega að innan næst fram svolítill svartur litur. Úrbætur sem álitsbeiðandi segir seljanda hafa reynt á stígvélunum virðast þannig ekki hafa tekist. Kærunefndin álitur að stígvélin séu vel nothæf þótt þau séu haldin þessum galla, sem allar líkur eru á að hverfa muni með tímanum. Gallinn sé þó ekki svo mikill að efni séu til þess að fallast á riftun kaupanna.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 48/2003 á neytandi vól á ýmiss konar úrræðum þegar söluhlutur er haldinn galla. Þar á meðal afsláttur af kaupverði, sbr. c-lið 1. mgr. lagagreinarinnar. Kærunefndin álitur að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti af kaupverðinu og metur hann að álitum kr. 2.900.

V

Álitsorð

Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 2.900.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir